

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Iðnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



LANDVERND

13. ágúst 2010

### Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða – Mál 660

Landvernd fagnar framangreindu frumvarpi og telur mikilvægt að það nái fram að ganga til að treysta betur fagleg vinnubrögð við ákvarðanir um landnýtingu á Íslandi. Ísland býr yfir miklum náttúruauðlindum. Ein verðmætasta náttúruauðlindin er einstök og tiltölulega lítið spillt náttúra landsins, jarðmyndanir, víðerni og landslag. Það er staðreynd að nýtinga orkulinda, vegagerð og aðrar framkvæmdir hafa mjög spillt þessari auðlind á undanförmum árum og áratugum, oft að nauðsynjalausu. Það er skylda okkar við komandi kynslóðir að vanda mjög ákvarðanatöku um þessi mál í framtíðinni. Frumvarpið er lóð á þá vogarskál.

Landvernd vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum við frumvarpið á framfæri. Samtökin hafa áður skoðað vel framlagt mat faghópa vegna rammaáætlunar II og komið á framfæri fjölmörgum athugasemdum til verkefnisstjórnar. Þær athugasemdir fylgja einnig með þessari umsögn.

#### Athugasemdir vegna 1. greinar:

Landvernd tekur undir markmið laganna um að nýting svæða til orkuvinnslu eigi að byggjast á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati. Það hefur vantað slíkan ramma við ákvörðunartöku um virkjanir hér á landi eins og samtökin hafa ítrekað bent á. Mikilvægt er að gerð sé ítarleg kostnaðar- og ábatagreining í hverju tilfelli fyrir sig og að þjóðhagslegur ábati sé metinn. Taka verður tillit til umhverfiskostnaðar, sem í mörgu tilfellum er umtalsverður, sem hluta af þessu ferli.

Það er því rík ástæða til að innleiða ábata- og kostnaðargreiningu hér á landi til að bæta forsendur ákvörðunartöku. Í 4. gr. mætti kveða á um að þær virkjanir sem falla í nýtingarflokk beri að skoða nánar með ábata- og kostnaðargreiningu áður en virkjunarheimild er veitt (sjá síðar).

Landvernd telur einnig að meta verði samlegðaráhrif virkjunarkosta og afstætt virði svæða út frá því hvernig gengið hefur verið á sambærileg svæði, jaðarsvæði eða jafnvel inn á það svæði sem er til skoðunar. Landvernd telur að í þessu samhengi eigi m.a. að draga lærdóma af virkjunum við Kárahnjúka og á Hellisheiði og Reykjanesi. Í þeim tilvikum hafa þegar verið reistar virkjanir sem hafa bein eða óbein áhrif á verndargildi nærliggjandi svæða, s.s. Jökulsár á Fjöllum, Bitru, Eldvarpa og Krýsuvíkur.

**Athugasemdir vegna 2. greinar:**

Í 2. gr. (og 1. gr.) er vísað til bæði nýtingar háhitasvæða og landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti fallvatna. Reynslan sýnir að þegar fallvötn eru virkjuð þá hefur það áhrif á allt viðkomandi vatnasvið frá upptöku að ósum, og jafnvel út á aðliggjandi strandsvæði. Löggin þurfa því að ná einnig yfir vatnasvið, ekki einvörðungu svæði þar sem virkjunarkosti fallvatna er að finna.

Lagt er til að skilgreiningu á hugtakinu *virkjunarkostur* verði breytt á þann veg að talað verði um *mögulega framkvæmd* í stað *áætlaðrar framkvæmdar*.

Landvernd gerir einnig athugasemd við að verið sé að þrengja hugtakið *yfirborðsrannsóknir* í 6. lið 2. gr. frumvarpsins.

**Athugasemdir við 3. grein:**

Í 3. gr. segir að það sé iðnaðarráðherra sem leggi fram tillögu að þingsályktun. Þetta telja samtökin óráð. Í stjórnslu er heppilegt að greina á milli þeirra aðila sem annars vegar sinna leyfisveitingum er varða landnýtingu og þeirra sem fara með almenna land- og auðlindanýtingu. Í umsögn um frumvarpið kemur fram að það er hlutverk iðnaðarráðherra að veita virkjanaleyfi, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það væri því heppilegra að það væri umhverfisráðherra sem bæri almenna ábyrgð á gerð áætlunarinnar.

Í 3. gr. segir einnig að áætlunin nái til 12 ára. Jafnframt eru fyrirmæli um það að uppfæra áætlunina á 4 ára fresti. Í ljósi þess að kveðið er á um reglubundna endurnýjun áætlunarinnar verður ekki séð að nauðsynlegt sé að takmarka gildistíma hennar við 12 ár.

Í 3. mgr. 3. gr. eru sett stærðarmörk fyrir virkjunarkosti sem miðast við 10 MW í rafafli og 50 MW í varmaafli. Reynslan bendir til þess að takmarkanir þurfi að vera mun meira afgerandi. Til eru dæmi um að tiltekin áform eru í upphafi nokkuð undir settum viðmiðunarmörkum vegna kröfu um mats á umhverfisáhrifum, en svo þegar að framkvæmdum kemur þá stækkar virkjunarhugmyndin og öll umhverfisáhrif verða talsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi. Því er lagt til að mörkin verði lækkuð verulega og/eða tengd beint ákvæðum 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í 3. mgr. 3. gr. er tilgreint að áætlunin nái ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar. Hinsvegar er gerð sú undantekning að þetta skuli heimilt ef friðlýsingarskilmálar segja annað.

Tilgangur ákvæðisins er væntanlega að veita þessum svæðum álíka verndun og þeim sem lenda í verndarflokki verndar- og nýtingaráætlunar. Landvernd hefði þótt eðlilegra að tilgreint væri hvaða svæði færu vegna friðlýsingar sjálfkrafa í verndarflokk rammaáætlunar fremur en þau séu tekin út úr henni. Ef þau standa utan flokka verndar- og nýtingaráætlunar er það undir friðlýsingunni komið hvaða verndar þau njóta. Margir friðlýsingarskilmálar eru gamlir (dæmi er friðlýsing Þjórsárvera frá árinu 1987) og ekki í takt við nútímaleg náttúruverndarsjónarmið. Spyrja mætti hvort

orkufyrirtæki geti farið beint til þingsins og fengið þar samþykka áætlun um virkjun á þessum svæðum framhjá verndar- og nýtingaráætlun.

Helstu svæði sem þarna er um að ræða eru Vatnajökulshjóðgarður, Friðland að Fjallabaki og Reykjanesfólkvangur. Kverkfjöll, Vonarskarð og Torfajökulssvæðið eru með þessu tekin út úr verndar- og nýtingaráætlun. Ekki er eins ljóst hvað verður um Reykjaneskaga og óvissa verður einnig um vatnsföll. Hlutar vatnasviða gætu verið friðlýstir en þá er spurning hvort virkja megi á þeim vatnasviðum utan hins friðlýsta hluta. Friðlýsing gæti t.d. verið á óshólmum en virkjunin ofar í ánni utan hins friðlýsta svæðis. Sjá fyrstu athugasemd vegna 2. greinar.

#### **Athugasemdir vegna 4. greinar:**

Lagt er til að 4. gr. hljóði svo:

*Í nýtingarflokk verndar- og nýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er áætlað á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. að ráðast megi í.*

*Stjórnvöldum er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í nýtingarflokki, á því gefnu að fyrirliggjandi sé kostnaðar- og ábatagreining vegna áformaðra orkuvinnslu sem sýni jákvæðan ávinning af orkuvinnslunni fyrir samfélagið. Þá eru orkurannsóknir sem lögum samkvæmt geta farið fram án leyfis stjórnvalda heimilar vegna virkjunarkostanna.*

#### **Athugasemdir vegna 7. greinar:**

Í 7. gr. frumvarpsins segir að verndar- og nýtingaráætlun sé bindandi fyrir skipulagsáætlanir sveitarfélaga og að sveitarstjórnir skuli samræma skipulagsáætlanir sínar verndar- og nýtingaráætluninni. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins er þetta ákvæði skýrt svo, að sveitarstjórnir skuli gera ráð fyrir þeim virkjunarkostum sem tilgreindir eru í nýtingarflokki áætlunarinnar.

Nýtingarflokkur áætlunarinnar mun taka til allra þeirra virkjunarkosta sem **má** nýta til orkuvinnslu (sjá 3. gr. frumvarpsins) m.t.t. þeirra atriða sem skoðuð er við gerð verndar- og nýtingaráætlunar. Það eru því ekki eingöngu þeir virkjunarkostir sem Alþingi ákveður að beri að fara í og/eða eru taldir hafa þjóðhagslegt gildi eða varða almannahagsmuni og geta varðað alla landsmenn sem falla í nýtingarflokk áætlunarinnar. Þar geta einnig verið virkjunarkostir sem hafa takmarkað þjóðhagslegt vægi, sem einstakir virkjunaraðilar hafa óskað eftir að fá metna inn í áætlunina. Af þessum sökum virðist sem ákvæðið setji forræði skipulagsyfirvalda yfir skipulagsákvörðunum óeðlilega þröngar skorður. Sem dæmi má taka að upp getur komið að sveitarstjórn sé þvinguð til að setja virkjun á skipulag, gegn vilja sínum og öðrum skipulagsforsendum, ef virkjunaraðili hefur fengið virkjunarkost metinn inn í nýtingarflokk, þrátt fyrir að virkjunin hafi ekki verulega þýðingu í þjóðhagslegu tilliti eða varði viðtækari almannahagsmuni.

Landvernd telur óeðlilegt að hafa svo viðtækra kröfu um samræmi skipulagsáætlana sveitarfélaga við verndar- og nýtingaráætlun.

### **Athugasemdir við 8. gr.**

Í 8. gr. er fjallað um skipan 6 manna verkefnisstjórnar. Umhverfissráðherra tilnefni tvo, mennta- og menningarmálaráðherra einn og Samband íslenskra sveitarfélaga einn. Í þessari grein er ekki kveðið á um faglega kunnáttu þeirra einstaklinga sem nefndina skipa. Reynslan bendir til þess að ástæða sé að tilgreina sérstaklega að verkefnisstjórn skuli skipa einstaklinga með faglega þekkingu á málaflokknum. Hlutverk verkefnisstjórnar er faglegs eðlis, tillögur hennar fá á síðari stigum pólitíska afgreiðslu. Í þessu sambandi er ekki eðlilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni fulltrúa í verkefnisstjórn nema að aðrir hagsmunaaðilar komi einnig að. Vissulega eiga sveitarfélög hagsmuni að gæta. En það eiga einnig aðilar í ferðaþjónustu, umhverfis- og náttúruverndarsamtök, útivistarsamtök, samtök orkufyrirtækja og samtök bænda og atvinnulífsins almennt. Því er skynsamlegt að verkefnisstjórn sé eingöngu mynduð á grundvelli tilnefningar viðkomandi ráðuneyta. Hinn kosturinn er að stækka verkefnisstjórnina og bjóða fleiri samtökum sem vinna sérstaklega að þeim málum sem áætlunin nær til, að tilnefna.

Með framangreindum rökum er lagt til að 8. gr. hljóði:

*Ráðherra skipar fimm manna verkefnisstjórn til fjögurra ára í senn sem er ráðherra til ráðgjafar við undirbúning að gerð tillagna fyrir verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt lögum þessum. Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir af umhverfissráðherra, einn af mennta- og menningarmálaráðherra, [sleppa: einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga], og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra skipaður formaður stjórnarinnar. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn sem eru skipaðir með sama hætti. Við skipan verkefnisstjórnar skal þess gætt að þeir einstaklingar sem í henni sitja búi yfir faglegri þekkingu á þeim málum sem áætlunin nær til.*

Eða, og nú með fulltrúum hagsmunaaðila:

*Ráðherra skipar sjö manna verkefnisstjórn til fjögurra ára í senn sem er ráðherra til ráðgjafar við undirbúning að gerð tillagna fyrir verndar- og nýtingaráætlun samkvæmt lögum þessum. Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir af umhverfissráðherra, einn af mennta- og menningarmálaráðherra, [einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá samtökum útivistar, náttúruverndar og umhverfis, einn frá samtökum atvinnulífsins] og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra skipaður formaður stjórnarinnar. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn sem eru skipaðir með sama hætti. Við skipan verkefnisstjórnar skal þess gætt að stjórnin búi yfir faglegri þekkingu á þeim málum sem áætlunin nær til.*

### **Athugasemdir við 10. gr.**

Landvernd telur að í 1. mgr. 10. gr. skuli auk Umhverfisstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins tilgreina að leita skuli umsagnar annarra fagstofnana eftir því sem við á.


Í 3. mgr. 10. gr. er kveðið á um frest til að koma á framfæri athugasemdum við tillögu verkefnisstjórnar. Skv. frumvarpinu skal fresturinn ekki vera skemmri en átta vikur. Reynslan sýnir að það tekur drjúgan tíma að kynna niðurstöður verkefnisstjórnar með fundum um allt land og ýmis félagasamtök þurfa eðlilega talsverðan tíma til að kynna

sér málið og koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Í þessu sambandi eru átta vikur of skammur tími og því væri heppilegra að miða við a.m.k. 12 vikur.

Landvernd telur að lokum eðlilegt að yfirstjórn verndar- og nýtingaráætlunar vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða falli undir fyrirhugað ráðuneyti umhverfis og auðlinda.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Landverndar,



Lára Vilhjálmsdóttir,  
framkvæmdastjóri



3. maí 2010

**Rammaáætlun**  
c/o Orkugarður  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



**LANDVERND**

## **Umsögn um niðurstöður faghópa 2. áfanga Rammaáætlunar**

Landvernd fagnar því að skýrsla með niðurstöðum faghópa 2. áfanga Rammaáætlunar skuli hafa verið lögð fram til kynningar. Samtökin hafa lengi hvatt stjórnvöld og framkvæmdaraðila til að biða þess að niðurstöður 2. áfanga Rammaáætlunar liggi fyrir áður hugað er að frekari virkjunarframkvæmdum samhliða því að samtökin hafa kallað eftir langtíma áætlun um landnotkun þar sem náttúrverndarsjónarmiðum er gert hátt undir höfði.

Í skýrslunni eru margvíslegar upplýsingar og er hún afrakstur umfangsmikillar vinnu. Skýrslan er efnismikil og það er ljóst að með henni hefur margt gott verið lagt til málanna til að undirbyggja skynsamlegar ákvarðanir um landnotkun á Íslandi í framtíðinni. Landvernd vekur þó athygli á að skýrslan er fyrst og fremst yfirlit yfir einstaka mögulega virkjunarkosti á forsendum orkuvinnslu og að með henni er ekki dregin fram heildarmynd af vernd og nýtingu náttúrusvæða. Svæði þau sem skýrslan fjallar um eru valin út frá orkugetu en ekki landslagsheildum eða svæðisbundnu skipulagi. Efnahagslegt virði svæða er eingöngu metið út frá mögulegri nýtingu til orkuvinnslu, ekki annars konar nýtingu. Í ljósi þessa, lítur Landvernd svo á að skoða beri skýrsluna sem verkfæri til að bæta ákvarðanir um landnotkun á Íslandi með því að greina hagkvæmar virkjunarhugmyndir, en gæta þurfi þess að önnur sjónarmið ráði einnig við endanlega mótun stefnu og áætlunar um orkunýtingu og verndun, s.s. varðandi náttúruvernd, landslagsvernd, útivist og ferðaþjónustu.

Landvernd telur að nýta megi Rammaáætlun til að greina svæði þar sem forsendur til virkjunar kunna að vera fyrir hendi, en þó með fyrirvara um nánari greiningu við umhverfismat þar sem lítið er til allra þátta, gerð ítarleg kostnaðar- og ábatagreining, og þjóðhagslegur ábati metinn. Rammaáætlun á ekki síður að vera gagnleg til að taka frá svæði fyrir náttúruvernd, útivist og ferðaþjónustu. Það er mikilvægt að allir hagsmunir verði með þegar Alþingi tekur málið til umfjöllunar, s.s. hagsmunir náttúruverndar, útivistar og ferðaþjónustu, en ekki einungis orkuhagsmunir og allir fáir réttmætt vægi. Hver einstök framkvæmd er óafturkræf og því verður að meta hvert tilvik í framtíðinni með aðferðum sem varpa ljósi á mun fleiri þætti en hægt er að gera í Rammaáætlun.

Landvernd vekur athygli á því að enn er óljóst hvernig farið verður með niðurstöður faghópa og einnig þá skýrslu verkefnisstjórnar sem áformuð er. Ekki er enn komið fram lagafrumvarp eða þingsályktunartillaga um rammaáætlun. Athugasemdir Landverndar eru því settar fram með fyrirvara um framhald málsins.

## Athugasemdir um aðferðafræði og vinnu faghópanna

Varðandi hugtakanotkun tekur Landvernd eftir að í skýrslunni er fjallað um “virkjunarkosti” en ekki “virkjunarmöguleika”. Orðið “kostur” er jákvætt í sjálfu sér og gefur í skyn að eitthvað standi til boða, aðeins þurfi að velja milli “kosta”. Það væri hlutlausara að fjalla um “virkjunarhugmyndir” eða “virkjunar-möguleika” og jafnvel að bæta orðinu “hugsanlega” framan við þessa tvo “kosti” í hugtakanotkun.

Landvernd gerir athugasemd við að virkjunarmöguleikar á friðuðum svæðum séu teknir til mats í skýrslunni og telur nauðsynlegt að fram komi rökstuðningur fyrir því. Ef virkjunarmöguleikar á friðuðum svæðum eru teknir með eins og hér er gert hefði verið eðlilegt að virkjanir sem þegar hafa verið reistar væru einnig teknar til mats eftir því sem hægt er og reynt að raða þeim á meðal virkjunarmöguleika. Þannig fengist betra heildaryfirlit og telur Landvernd að úr þessu þurfi að bæta.

Í þessu sambandi er einnig bent á að sumir virkjunarmöguleikar myndu hafa áhrif á friðuð svæði. Þannig eru í skýrslunni t.d. fimm virkjunarmöguleikar sem myndu hafa áhrif á Gullfoss og tveir sem myndu hafa áhrif á Dettifoss.

Landvernd telur galla á aðferðafræði að meta saman virkjunarmöguleika vatnsaflsvirkjana og jarðvarmavirkjana. Æskilegt er að endanleg framsetning sé þannig úr garði gerð að þetta sé einnig aðgreint, enda um ólíkar tegundir virkjana að ræða. Þá henta þessar virkjanir misvel eftir því í hvað á að nota orkuna. Landvernd telur sem dæmi að jarðvarmavirkjanir séu ekki heppilegar fyrir mjög orkufrekan iðnað s.s. stóriðju. Þótt markmiðið hafi verið að raða öllum virkjunarhugmyndum telja samtökin að einnig eigi að sýna röðun vatnsaflsvirkjana sér og jarðvarmavirkjana sér.

Þrátt fyrir ákveðna styrkleika í þeirri aðferðafræði sem beitt er, eru jafnframt þekktir ákveðnir veikleikar á henni sem virðast gera vart við sig í skýrslunni. Þannig er þekkt að fjölþáttagreining af þessu tagi er illa til þess fallin að taka á „rauðum flöggum“, þ.e. kítískum þröskuldsgildum fyrir einstaka umhverfisþætti. Ef viðkomandi þætti hefur verið úthlutað lágrí vogtölu, er hætta á því að há einkunn fyrir hann hverfi inn í samreikning annarra umhverfisþátta sem hafa minni þýðingu á viðkomandi svæði. Einnig er hætta á að einkunnagjöf verði einstaklingsbundin og ógagnsætt hvaða viðmið og gögn liggja til grundvallar einstökum einkunnum. Af þessum sökum þyrfti að vekja sérstaka athygli á þeim virkjunarmöguleikum sem skera sig með einhverju móti úr sökum sérstakra eiginleika.

Landvernd telur að taka þurfi tillit til alþjóðlegs gildis svæða jafnvel þó þau lúti ekki tilteknum alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Á þetta einkum við þegar um er að ræða svæði með augljóst jarðfræðilegt gildi en sökum þess að jarðmyndanir hafa ekki sambærilegar alþjóðlegar verndarskilgreiningar skv. alþjóðasáttmálum eins og vistfræðileg fyrirbæri, eru slík svæði ekki metin eins hátt og ella mætti ætla. Landvernd telur að svæði sem kunna að hafa jarðfræðilegt gildi á heimsvísu þurfi að fá sérstaka umfjöllun í skýrslunni og að stjórnumerka þurfi þau svæði sem hafa mikla sérstöðu sökum ákveðinna eiginleika þótt þau komi ekki sterkt út í heildarmati (sem aftur má rekja til þess að þau fá ekki endilega háa einkunn fyrir hvert viðfang fyrir sig). Þó ekki sé enn til alþjóðlegur sáttmáli um verndun jarðminja, þá hafi Íslendingar siðferðilega skyldu til að gæta þess að einstökum minjum verði ekki spillt.



Landvernd vill einnig sérstaklega benda á Norðlingaölduveitu og Þjórsárver í þessu sambandi. Samtökin höfðu forgöngu um það að fá tvo erlenda sérfræðinga til að meta náttúruverndargildi Þjórsárvera með hliðsjón af heimsminjaskrá UNESCO. Ef marka má niðurstöður sérfræðinganna gætu Þjórsárver og nærliggjandi svæði átt heima á heimsminjaskrá og hugmyndir um Norðlingaölduveitu myndu spilla fyrir þeim möguleikum.

Landvernd bendir á að um leið og einn virkjunarmöguleiki er nýttur til orkuvinnslu kann röðun virkjunarkosta eins og fram koma í skýrslunni að riðlast. Þessu til áréttingar er bent á að háhitasvæði á Íslandi eru ekki nema rúmlega 20 og vitað er að mörg þeirra hafa mikla sérstöðu á heimsvísu. Þegar er búið að raska verulegum hluta þeirra. Um leið og einu svæði er raskað í viðbót eykst verðmæti hinna sem eftir eru. Þetta kallar á sífellt endurmat.

Landvernd vekur athygli á veikleika í aðferðafræðinni sem beitt er varðandi samlegðaráhrif virkjunarkosta og afstætt virði svæða út frá því hvernig gengið hefur verið á sambærileg svæði, jaðarsvæði eða jafnvel inn á það svæði sem er til skoðunar. Landvernd telur að í þessu samhengi eigi m.a. að draga lærdóma af virkjunum við Kárahnjúka og á Helligsheiði og Reykjanesi. Í þeim tilvikum hafa þegar verið reistar virkjanir sem hafa bein eða óbein áhrif á verndargildi nærliggjandi svæða, s.s. Jökulsár á Fjöllum, Bitru, Eldvarpa og Krýsuvíkur.

Landvernd bendir á sérstakt mikilvægi svæða í nálægð við þéttbýli vegna útivistar og að þau komi ekki sérstaklega vel út í mati. Að vísu er búið að raska sumum þessara svæða en umgengni við þau í fortíð má ekki verða til þess að þau séu skrifuð niður um of. Landvernd telur að taka þurfi t.d. meira tillit til Reykjanessfólkvangs og hugmynda um eldfjallagarð á Reykjanesskaga í nálægð stærsta þéttbýliskjarna landsins. Það er umhugsunarefni hvort Reykjanesskaginn hefði átt að fá svipaða meðhöndlun og Torfajökulssvæðið og vera metinn sem ein heild í stað þess að vera bútaður niður í margar einingar á forsendum orkuiðnaðar.

Í framhaldi af fyrri málsgrein veltir Landvernd fyrir sér hvort ekki hefði mátt svæðisskipta landinu í meira mæli en gert er til að fá stærri klasa virkjunarmöguleika og hugsa þannig út frá stærri heildum í stað einstakra virkjunarmöguleika. Ætla má að með því móti fengist heildstæðari yfirsýn yfir viðfangsefnið.

Landvernd minnir á að virkjanir sem eru minni en 10 MW eru ekki teknar með. Þær geta haft mikil umhverfisáhrif eins og reynslan sýnir, sérstaklega á afskekktum svæðum (vegir, slóðar, línur).

Eins virðast línulagnir og vegir ekki hafa mikið vægi í mati faghópanna og má þar t.d. nefna Hvalárvirkjun þar sem línulagnir og vegir myndu hafa veruleg áhrif á ósnortin svæði.

Landvernd gagnrýnir skort á rannsóknum og gögnum sem lögð hafa verið til grundvallar í öllum faghópunum. Flokkun og mat svæða virðist oft byggja á veikum grunni þar sem sárlega vantar gögn og upplýsingar til að byggja mat á einstökum svæðum á. Verulega skortir t.d. á vitneskju um hveraörverur og smádýralíf á háhitasvæðum, í flestum tilfellum er því um að ræða gróft fyrsta mat og ýmsu verið sleppt.

Rannsóknir um ferðamenn og upplifun þeirra af náttúrusvæðum eru af skornum skammti. Engin gögn liggja fyrir um ruðningsáhrif virkjanaframkvæmda á aðra atvinnuvegi. Samfélagsáhrif eru aðeins metin út frá virkjunum en ekki út frá annarri landnotkun.

Það veikir allan samanburð að ekki skuli liggja fyrir sambærileg gögn um hvert svæði sem metið er. Hugsanlega stendur til að taka á skorti á rannsóknum í væntanlegum lögum um Rammaáætlun þannig að þau svæði sem menn vilja raða í virkjunarflokk en uppfylla ekki skilyrði um rannsóknir og gögn verði tekin frá og sett á biðlista þangað til fullnægjandi rannsóknir liggja fyrir. Landvernd mun reyndar gera kröfu um að þetta verði gert og telur að vekja beri athygli á þeim svæðum sem um ræðir í skýrslunni.

### Um samráðsferlið

Gagnrýna má að vinna og niðurstöður faghópanna hafa almennt ekki verið eins gagnsæjar og ákjósanlegt væri og eins hefur verið skortur á viðtækara og raunverulegra samráði við hagsmunaaðila í ferlinu. Landvernd hefur t.a.m. aldrei verið boðið að ferlinu nema á einstaka kynningarfund. Samtökin fagna þó því kynningarferli sem staðið hefur yfir og vænta þess að stjórnvöld muni tryggja verkefnisstjórn Rammaáætlunar nægilegt fjármagn og svigrúm til að fara ítarlega yfir framkomnar athugasemdir og tekið verði tillit til þeirra við vinnslu lokaniðurstaðna.

### Niðurlag

Það er ljóst að niðurstaða faghópa annars áfanga Rammaáætlunar hefur mikla þýðingu fyrir hvernig vindur fram. Landvernd telur að faghóparnir hafi á margan hátt skilað góðri vinnu góð við 2. áfanga Rammaáætlunar fram að þessu og að þær niðurstöður sem nú liggja fyrir geti orðið mikilvægur liður í umræðu um væntanlega flokkun verkefnisstjórnar og hugsanlega nýtingu svæða til orkuvinnslu á Íslandi. Ekki síður hafa komið fram upplýsingar sem gefa til kynna hvaða svæði þurfi að taka frá til náttúruverndar, útivistar og ferðaþjónustu, og hvaða svæði sé skynsamlegt að halda frá vegna þess að upplýsingar um þau eru af skornum skammti. En eins og faghóparnir sjálfir benda á, hefur skortur á gögnum gert vinnu þeirra erfiða og dregur það úr áreiðanleika niðurstaðna.

Landvernd vill að lokum ítreka það sjónarmið samtakanna að fleira þurfi að koma til en niðurstöður þessarar skýrslu til að skapa fullnægjandi grundvöll heildstæðrar stefnu og áætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Rammaáætlun er ekki lokaniðurstaða í mati á virkjunarmöguleikum á Íslandi heldur liður í opinni og upplýstri samræðu stjórnvalda og almennings í landinu.

Með vinsemd og virðingu,

Björgólfur Thorsteinsson  
formaður Landverndar